

Brjóstagjöf íslenskra kvenna, tímalengd og þróun á heilli öld

Ingibjörg Eiríksdóttir¹ sérfræðiljósmóðir, Elínborg J. Ólafsdóttir² sérfræðingur, Laufey Tryggvadóttir^{2,3} faraldsfræðingur, Þóra Steingrímsdóttir^{1,3} fæðinga- og kvensjúkdómalæknir

¹ Kvennadeild Landspítala

²Rannsókn- og skráningarsetur Krabbameinsfélagsins

³Læknadeild Háskóla Íslands.

Inngangur

Fjölmargar alþjóðlegar rannsóknir hafa sýnt fram á jákvæð áhrif brjóstagjafar á heilsu barna og mæðra þeirra. Þar má helst nefna lægri tíðni dauðsfalla, sýkinga, astma og ofnæmissjúkdóma, sykursýki og offitu. Íslenskar rannsóknir á brjóstagjöf hingað til eru fáar og fjalla um litla hópa. Markmið með þessari rannsókn er að lýsa faraldsfræði brjóstagjafar og áhrifaþáttum með stóru úrtaki íslensku þjóðarinnar í næstum heila öld.

Efniviður og aðferðir

Rannsóknin er lýsandi og faraldsfræðileg á gögnum, sem safnað var á aftursæan hátt með spurningalistum fyrir Heilsumögubanka Krabbameinsfélags Íslands 1964-2008, um brjóstagjöf 81.889 barna, 36.537 frumburða og 45.352 yngri systkina þeirra. Tíðni og tímalengd brjóstagjafar voru skoðaðar með tilliti til aldurs mæðra við fæðingu barns, líkamsþyngdarstuðuls (N=4950, gögnum safnað 1979-2008) og reykinga (N=32.087, gögnum safnað 1995-2008) móður, fæðingarárs barns og raðar þess í systkinahópi.

Niðurstöður

Börnin fæddust á árunum 1917-2008. Skömmu fyrir 1980 tók meðaltímalengd brjóstagjafar að aukast, í öllum aldurshópum mæðra, og jókst hratt úr 3 mánuðum í 7-8 mánuði. Um svipað leyti lengdist brjóstagjöf eftir fæðingarröð barnanna, yngri börn fengu brjóst í lengri tíma en eldri systkini þeirra. Konur í kjörþyngd höfðu börn sín lengst á brjósti en offeitar konur styst. Konur sem reyktu, eða höfðu reykt, höfðu börn sín skemur á brjósti en hinar sem aldrei höfðu reykt.

Ályktanir

Aukningin sem varð á lengri brjóstagjöf á síðustu áratugum á Íslandi er í samræmi við samantekt rannsóknaniðurstaðna í gagnagrunni Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar frá Evrópulöndum 1975-2000, þar sem Norðurlöndin og flest Norður-Evrópulönd efldu brjóstagjöf á svipuðum tíma.

Hár líkamsþyngdarstuðull og reykingar móður eru mikilvægar áhrifsbreytur í rannsóknum á brjóstagjöf og í þessari rannsókn eru vísbendingar um neikvæð áhrif þeirra á tímalengd brjóstagjafar.